

34

27. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 3. málsg. 17. gr. laganna bætist:

Nú gerir skattgreiðandi ekki fulla grein fyrir, á hvaða ári eignaraukinn hefur myndast, og getur framtalsnefnd þá skipt því, sem umfram kann að verða, jafnt á skattárin 1942—46 og reiknað skatt af hverjum hluta sem viðbótartekjum og viðbótareign fyrir hvert ár, þó þannig, að skatturinn fyrir öll árin nemi ekki minna en 20%, ef undandreginn eignarauki er 45—60 þús. kr., og 25% af því, sem þar er fram yfir. Ákvæði þessi gilda einnig um eignarauka, sem til hefur orðið fyrir 1. janúar 1940, en þá þó þannig, að sannist ekki, hvaða ár tekjuundandráturinn, sem hefur myndað eignaraukann, hefur átt sér stað, skal skipta honum á árin 1936—40.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

35

27. apríl

L Ö G

um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðgæzlustjóra á þann hátt, er síðar greinir í lögum þessum, til þess að hafa eftirlit með verðlagi í landinu.

2. gr.

Verðgæzlustjóri skal skipaður með eftirfarandi hætti:

Stjórnir Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Far-